

Pétur Ingi haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. apríl 2013  
Tilvísun: UST20130200175/ksj

## **Deiliskipulags- og matslýsing. Tillaga að deiliskipulagi gistiskála við Hlöðuvelli á Laugardalafrétti.**

Fyrirhuguð er vinna við gerð deiliskipulags gistiskála í eigu Ferðafélags Íslands við Hlöðuvelli. Skálinn stendur í um 460 m h. y.s. vestan undir Hlöðufelli við hina gömlu þjóðleið, Eyfirðingaveg. Á svæðinu eru gistiskálinn sem var byggður 1970 sem gangnamannaskáli, hesthús byggt 1978 og kamar með safntanki. Vatnstankur og vaskur eru um 40 m ofan við skálann.

### **Deiliskipulag**

Helstu viðfangsefni væntanlegrar tillögu að deiliskipulagi eru: Að staðfest verði lóðamörk og lóðarstærð kringum gistiskálann. Að áætluð verði stækken salernishúss. Að ákvárdarður verði byggingarreitur fyrir nýjan gistiskála eða stækken á núverandi. Að ákvárdarður verði byggingarreitur fyrir stækken/endurnýjun á hesthúsi. Umhverfisstofnun bendir á að á hálandi eru mannvirki vel sýnileg og því er mikilvægt að hugað sé að sjónrænum áhrifum væntanlegra framkvæmda, og að því að fella framkvæmdir að umhverfinu.

### **Náttúruminjasvæði**

Gistiskáli við Hlöðuvelli stendur í austurjaðri svæðis nr. 740 á náttúruminjaskrá en það er svæðið Skjaldbreiður í Árnessýslu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að vel sé staðið að allri umferð á svæðinu, einungis notaðir merktir slóðar og forðast skal alla óparfa röskun.

### **Grunnástand**


Fram kemur í greinargerð að umhverfis skálann er hraunið nokkuð slétt og allgróið mosa og að nokkuð grösugt er í grennd við skálann. Einnig kemur fram í texta og á mynd að sérkennileg og áberandi hraunhella er neðan við skálann og ofan við kamarinn. Að mati Umhverfisstofnunar ber að taka tillit til hraunhellurnnar og aðlaga framkvæmdir að henni.


## Umferð

Í tillögu að deiliskipulagi er mikilvægt að fram komi þeir slóðar er liggja að ofangreindum gistiskála og hvernig aðkomunni skuli haldið þannig að ásættanlegt sé. Einnig er mikilvægt að fram komi hvaða áhrif stækkun skálans komi til með að hafa á umferð að og frá gistiskálanum þ.e. metin verði aukning á umferð á svæðinu og gerð umferðar þ.e. verður aukning á göngufólki, hestaferðum eða vélknúnum faratækjum.

Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að í væntanlegrí deiliskipulagstillögu komi fram að við framkvæmdir verði engin óþarfa röskun.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun